

Spangartaka eftir lagfæringu á holubringu

Spöng eða spangir sem settar voru í brjósthol til lagfæringar á holubringu eru yfirleitt fjarlægðar um þremur árum eftir aðgerð. Aðgerðin er gerð í svæfingu þar sem farið er inn um eldri skurðsár og spöng eða spangir eru þræddar þar út. Útskrift er áætluð samdægurs.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga.

Gott er að hafa lyfjalista tiltækan, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka viss lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp í tengslum við fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði, uppköst eða annað er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Innskriftarviðtal

Boðað er í innskriftarviðtal á göngueild 10E á Landspítala við Hringbraut fyrir aðgerð. Þar fer fram viðtal við lækni hjarta- og lungaskurðeildar, tekin blóðsýni, hjartalínurit og röntgenmyndataka af lungum. Einnig veitir hjúkrunarfræðingur fræðslu um aðgerðina og afhendir sótthreinsandi sápu.

Greiða þarf komugjald á innskriftarmiðstöð.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Sturta með sótthreinsandi sápu (fyrri sturta)

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð til að draga úr hættu á sýkingu í skurðsárum. Nota þarf sérstaka sótthreinsandi sápu sem er afhent í innskriftarviðtali. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgrip í sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum. Skipta þarf á rúmfötum áður en farið er í sturtuna.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg fót og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta með sótthreinsandi sápu (seinni sturta)

Fara þarf aftur í sturtu og nota sótthreinsandi sápu áður en komið er á spítalann.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala á Hringbraut á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Ef fjarlægja þarf bringuhár á aðgerðarsvæði er það gert á deildinni. Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Aðgerðin tekur 30-120 mínútur. Skurðlæknir hefur samband við nánasta aðstandanda að aðgerð lokinni.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í 1-2 klukkustundir og síðan aftur á dagdeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja. Útskrift er áætluð samdægurs.

- Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því. Vart getur orðið við hálssærindi eftir aðgerðina sem hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.
- Fótaferð er leyfð strax við komu á deild.
- Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.
- Boðið er upp á létta máltíð fyrir heimferð.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum
- Vottorð fyrir fjarveru frá skóla eða vinnu

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við verkjum á skurðsvæði í 7-10 daga eftir aðgerð. Verkir geta lýst sér sem tog á skurðsvæði. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata. Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð.

Skurðsár

- Skurðsárum er lokað með saumum sem eyðast af sjálfu sér. Límplástrar eru yfir skurðsárunum og eiga þeir að vera óhreyfðir í allt að tvær vikur, eða þar til þeir detta af. Yfir límplástrunum eru vatnsheldar umbúðir sem á að fjarlægja tveimur sólarhringum eftir aðgerð.
- Fara má í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki má nudda sárin eða setja sápu beint á þau meðan þau eru að gróa.
- Fylgjast þarf með útliti skurðsára með tillit til roða, bólgu og vessa.
- Ekki má fara í baðkar eða sund fyrr en skurðsár er vel gróið og að minnsta kosti tvær vikur eru liðnar frá aðgerð.
- Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að ár eftir aðgerð.
- Forðast ber alla óparfa snertingu við sárið og ráðlagt er að klæðast hreinum fötum næst skurðsárinu.

Matur og drykkur

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar. Hins vegar er mikilvægt að borða hollan mat og gæta vel að næringu til að byggja upp líkamann eftir aðgerðina.

Þvaglát og hægðir

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum eða hægðum við aðgerðina.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu svo sem líkamsrækt í tvær vikur eftir aðgerð. Dagleg hreyfing er þó mikilvæg og eru gönguferðir góður kostur til að byggja upp þrek. Miða þarf við að hreyfing fari ekki yfir sársaukamörk.

Kynlíf

Almennt má hefja kynlíf þegar fólk er tilbúið til þess, en ráðlegt er að varast beinan þrýsting og tog á skurðsvæðið.

Svefn og hvíld

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu vikunnar eftir aðgerð. Gott er að ná að minnsta kosti 6–8 klukkustunda nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð getur dregið úr þreytu.

Vinna og skóli

Einstaklingsbundið er hvort taka þurfi frí frá vinnu eða skóla eftir aðgerð, en oftast er miðað við fjarveru í viku. Ef um líkamlega erfiða vinnu er að ræða getur þurft að vera frá vinnu í tvær vikur eða lengur.

Eftirlit eftir aðgerð

Ekki er þörf á sérstöku eftirliti eftir aðgerð. Sjúklingum og aðstandendum er velkominn að hringja á hjarta- og lungnaskurðeild 12G ef spurningar vakna.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við hjarta- og lungnaskurðeild 12G ef vart verður við eftirfarandi hættumerki fyrstu tvær vikunnar eftir aðgerð:

- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Líkamshiti er hærri en 38°C
- Blæðing, roði, bólga eða gróftur sést í skurðsári
- Andþygslí, brjóstverkir, takverkur við öndun eða mæði

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112

Símanúmer

Dagdeild skurðlækninga 13D	543 7480
Hjarta-, lungna- og augnaskurðeild 12G	543 7310
Vöknunardeild	543 7230
Skriptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn)	543 1000

Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

Verkjalýf

Taka á verkjalýf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalýf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir því þá er erfiðara að ná stjórn á þeim. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalýf séu tekin reglulega má taka verkjalýf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum.

Ef þörf er á sterkum verkjalýfjum eftir aðgerð er ráðlagt að nota þau í eins stuttan tíma og hægt er. Þegar verkir minnka er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalýfja. Síðan er dregið úr töku annarra verkjalýfja. Dæmi um sterk verkjalýf eru parkódín, tramadol og oxycodone.

Algengar aukaverkanir verkjalýfja

Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga en ekki er víst að allir finni fyrir aukaverkunum.

Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalýf án lyfseðils í apóteki.

Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgur þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalýf eru notuð.

Slævandi áhrif

Sum verkjalýf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni.

Í sumum tilvikum geta kaldir bakstrar dregið úr verkjum. Í sumum tilvikum má ekki

nota kulda sem verkjameðferð og því er nauðsynlegt að fá leiðbeiningar um notkun hjá

heilbrigðisstarfsfólki.

- Verkir eru slæmir brátt fyrir töku verkjalyfja

- Ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, úthrot, öndunarerfiðleikar)

[illegible]